



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands um stigakeppni félaga

Árlega er haldin keppni um stigahæsta lið í kvenna-og karlaflokki. stigahæsta lið í kvenna-og karlaflokki unglunga og stigahæsta lið í kvenna-og karlaflokki öldunga. Mótanefnd KRAFT heldur utan um stigakeppni félaga og staðan í keppninni er birt á heimasíðu sambandsins. Um stigagjöf gilda reglur IPF. Stigahæsta félagið eftir árið hlýtur titilinn Kraftlyftingafélag ársins í kvennaflokki og karlaflokki í hverjum aldurshóp fyrir sig.

Eftirtalin mót gefa stig í keppnina:

Stigahæsta lið í kvenna-og karlaflokki í opnum flokki

ÍM í bekkpressu með búnaði og klassískri bekkpressu, ÍM í kraftlyftingum með búnaði og klassískum kraftlyftingum og Bikarmeistaramót í kraftlyftingum með búnaði og klassískum kraftlyftingum.

Stigahæsta lið í kvenna-og karlaflokki unglunga (telpna- og drengjaflokkur og unglingflokkur)

ÍM í bekkpressu með búnaði og klassískri bekkpressu, ÍM unglunga í klassískum kraftlyftingum, Bikarmeistaramót unglunga í klassískum kraftlyftingum, ÍM í kraftlyftingum með búnaði, Bikarmót í kraftlyftingum með búnaði.

Stigahæsta lið í kvenna-og karlaflokki öldunga

ÍM í bekkpressu með búnaði og klassískri bekkpressu, ÍM öldunga í klassískum kraftlyftingum, Bikarmeistaramót öldunga í klassískum kraftlyftingum, ÍM í kraftlyftingum með búnaði, Bikarmót í kraftlyftingum með búnaði. Keppni á ÍM í réttstöðulyftu og byrjendamóti telur ekki til stiga.

Keppandi sem aldurs síns vegna er gjaldgengur í keppni unglunga eða öldunga og keppir á meistaramóti í opnum flokki telur einungis til stiga í opnum flokki á því móti en ekki í aldurstengdri stigakeppni.

Verðlaunaafhending í stigakeppni félaga fyrir hvern aldursflokk fer fram á síðasta móti ársins í hverjum aldurshóp.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

Samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands 4. nóvember 2025.